

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/29/EB

2005/EES/49/24

frá 7. apríl 2003

um fjórðu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 96/49/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með járnbrautum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi með járnbrautum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2001/6/EB⁽²⁾, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í viðaukanum við tilskipun 96/49/EB er að finna reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi með járnbrautum, oftast nefndar „RID-reglurnar“, sem öðluðust gildi frá og með 1. júlí 2001.
- 2) RID-reglurnar eru uppfærðar á tveggja ára fresti. Því öðlast breytt útgáfa þeirra gildi frá og með 1. janúar 2003 með aðlögunartímabili fram til 30. júní 2003.
- 3) Því er nauðsynlegt að breyta viðaukanum við tilskipun 96/49/EB.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi sem um getur í 9. gr. tilskipunar 96/49/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við tilskipun 96/49/EB komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI

Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi með járnbrautum (RID-reglur), sem birtar eru sem I. viðauki við viðbæti B við samninginn um millilandaflutninga með járnbrautum (COTIF), sem öðlaðist gildi frá og

með 1. janúar 2003, þar sem orðið „aðildarríki“ kemur í stað orðanna „samningsaðili“ og „ríkin eða járnbrautirnar“.

Breyttur texti útgáfunnar frá 2003 á reglunum um millilandaflutninga á hættulegum farmi með járnbrautum (RID-reglur) verður birtur jafnskjótt og textinn er fíánlegur á öllum opinberum tungumálum Bandalagsins.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsluflufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. apríl 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 90, 8.4.2003, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2003 frá 26. september 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64, 18.12.2003, bls. 24.

(¹) Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 25.

(²) Stjtið. EB L 30, 1.2.2001, bls. 42.